



Notkunarskilmálar Ökuvísis

Ökuvísir er tryggingarleið í ökutækjatrýggingum þar sem tryggingartakar hjá VÍS tryggingum hf., kt. 670112-0470 (hér eftir nefnt „VÍS“), fá aðgang að sérsniðnu smáforriti (hér eftir „smáforritið“) og mælitæki (hér eftir „mælitækið“). Í Ökuvísi er bæði hægt að hafa lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis og kaskótryggingu ökutækis (hér eftir sameiginlega nefndar „ökutækjatrýggingar“).

Markmiðið með Ökuvísi er að auka umferðaröryggi og fækka umferðaróhöppum. Í gegnum smáforritið og mælitækið safnar VÍS ákveðnum upplýsingum um aksturslag tryggingartaka og annarra notenda tryggðs ökutækis (hér eftir „ökutækið“) og reiknar út aksturseinkunn eftir því hversu öruggur aksturinn er. Aksturseinkunn ökutækisins hefur áhrif á það verð sem greitt er fyrir ökutækjatrýggingar. Tryggingartaki og/eða aðrir notendur ökutækisins fá hvatningu til að keyra vel og geta haft áhrif á verð ökutækjatrýgginga með aksturslagi og eknum kílómetrum.

Um Ökuvísi gildir notkunarskilmáli þessi. Um ökutækjatrýggingar gilda skilmálar um lögboðna ábyrgðartryggingu BA10, skilmálar um ökutækjatrýggingu kaskó BK10 og almennur skilmáli YY10, eins og þeir standa á hverjum tíma.

1. Um Ökuvísi

- 1.1 Ökuvísir samanstendur af smáforriti sem tryggingartaki skal setja upp í snjalltæki sínu, mælitæki sem hann skal koma fyrir í tryggða ökutækinu og ökutækjatrýggingum hins tryggða ökutækis.
- 1.2 Það er forsenda fyrir Ökuvísi að til staðar sé lögboðin ökutækjatrýgging á ökutæki þar sem ekki er hægt að vera aðeins með kaskótryggingu ökutækis í gildi, t.d. ef skráningarnúmer ökutækis hafa verið lögð inn.
- 1.3 Tryggingartaki og/eða aðrir notendur hafa m.a. aðgang í smáforritinu að upplýsingum um aksturshæðun, ferðir sínar á korti, ábendingum um hvernig viðkomandi getur bætt sig sem ökumaður og hvatningu til að keyra vel. Þá getur tryggingartaki og/eða aðrir notendur komið á framfæri athugasemdum og andmælum við mat á akstri sem VÍS vinnur úr og bregst við. Um smáforritið og mælitækið gilda notkunarskilmálar þessir, sem tryggingartaki og/eða aðrir notendur samþykkja við innskráningu og notkun á smáforritinu.
- 1.4 Hægt er að prófa Ökuvísis smáforritið í 14 daga notendum að kostnaðarlausu áður en ákvörðun er tekin um að kaupa ökutækjatrýggingar í gegnum smáforritið.
- 1.5 Tryggingartakar sem velja Ökuvísi sem tryggingarleið í ökutækjatrýggingum fá aðgang og afnot af smáforritinu og mælitækinu sér og öðrum notendum ökutækisins að kostnaðarlausu.
- 1.6 Forsenda þess að unnt er að gera og framkvæma samning um Ökuvísi er að ákvarðanir um verð og útgáfu ökutækjatrýgginga séu teknar með sjálfvirkri ákvarðanatöku, m.a. með gerð persónusniðs. Sjálfvirk ákvarðanataka um útgáfu ökutækjatrýgginga byggir á upplýsingum um möguleg vanskil og ágreining vegna tjónamála hjá VÍS og upplýsingum um að tryggingartaki hafi náð 17 ára aldri. Sjálfvirk ákvarðanataka um verð byggir á grunnverði og breytilegum þáttum sem geta haft áhrif til lækkunar á grunnverðið. Breytilegir þættir ákvarðast af upplýsingum um aksturseinkunn og fjölda ekinna kílómetra yfir mánaðartímabil. Tryggingartaki getur ávallt óskað eftir frekari upplýsingum um niðurstöðu sjálfvirkrar ákvarðanatöku, mótmælt henni eða fengið starfsfólk VÍS til að yfirfara eða endurmeta hana með því að hafa samband í gegnum vis@vis.is eða í síma 560 5000.

Í Ökuvísi stjórnar þú verðinu, því betur sem þú keyrir, því minna borgar þú.

2. Upplýsingar um þjónustuveitanda og ábyrgðaraðila persónuupplýsinga

- 2.1 VÍS er þjónustuveitandi og ábyrgðaraðili á vinnslu persónuupplýsinga. Ökuvísir er



tryggingarleið sem boðin er fram af VÍS og mælitækið og smáforritið eru eign VÍS. VÍS starfar samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 og er með starfsleyfi frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og lýtur eftirliti þess í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.

3. Persónuvernd

- 3.1 VÍS leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Um Ökuvísi gildir persónuverndarstefna Ökuvísis sem finna má á heimasíðu VÍS, www.vis.is.
- 3.2 Til þess að hægt sé að veita þá þjónustu sem er í boði í Ökuvísi er nauðsynlegt að vinna með ýmiss konar persónuupplýsingar. Nánari upplýsingar um meðferð, varðveislu og vinnslu persónuupplýsinga og rétt samkvæmt persónuverndarlögum, t.d. til aðgangs að upplýsingum er að finna í persónuverndarstefnu Ökuvísis.
- 3.3 Allir þeir sem hafa sótt og notað smáforritið geta óskað eftir eyðingu á persónuupplýsingum sínum úr smáforritinu í gegnum vis.is. Óski tryggingartaki eftir eyðingu gagna úr smáforritinu er tryggingartaki samhlíða færður úr Ökuvísi og yfir í hefðbundnar ökutækjatrýggingar.
- 3.4 VÍS skuldbindur sig til að nota persónuupplýsingar ekki í öðrum tilgangi en kemur fram í persónuverndarstefnu Ökuvísis.

Við leggjum okkur fram við að gæta þeirra persónuupplýsinga sem við vinnum með.

4. Virkjun og auðkenning

- 4.1 Nýskráning í smáforritið fer fram með rafrænum skilríkjum. Innskráning er gild í 30 daga. Ef notandi skráir sig út úr smáforritinu þarf að skrá sig aftur inn með sama hætti.

5. Öryggi

- 5.1 Upplýsingar um ferðir tryggingartaka og/eða annarra notenda á tryggðu ökutæki eru vistaðar í snjalltæki tryggingartaka og hjá þeim notendum sem eru með aðgang að smáforritinu, í grunnkerfum VÍS og hjá Cambridge Mobile Telematics (hér eftir „CMT“ eða „þjónustuaðili“) sem er þjónustuaðili VÍS. CMT veitir þjónustu á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni og byggja mælingar í smáforritinu og mælitækinu á lausn CMT. CMT fær sendar og vistar undir gerviauðkennum mælingar úr snjalltæki tryggingartaka og mælitækinu og reiknar út aksturseinkunn.
- 5.2 Upplýsingar sem eru vistaðar í snjalltæki eru varðar með þeim öryggisráðstöfunum sem þar eru fyrir hendi. VÍS vistar upplýsingar um aksturseinkunn, ekna kílómetra og hrágögn. Öll hrágögn eru dulkóðuð og geymd undir gerviauðkennum í grunnkerfum VÍS. Gögn sem eru vistuð í grunnkerfum þjónustuaðila og öll samskipti milli grunnkerfa og snjalltækis eru einnig dulkóðuð og undir gerviauðkennum.
- 5.3 Til að auka öryggi við notkun smáforritsins skal gæta að eftirfarandi atriðum þegar smáforritið er sótt og sett upp í snjalltæki:
 - a) Sækja smáforritið eingöngu frá Apple í App Store eða frá Google í Play Store.
 - b) Setja smáforritið ekki upp í snjalltæki með breyttu stýrikerfi, sem hefur verið breytt með t.d. svokölluðu „jailbreak“ eða öðrum sambærilegum breytingum.
 - c) Setja forritið eingöngu og aðeins upp á snjalltæki sem eru í eigu eða löglegrí umsjá tryggingartaka og/eða annarra notenda.
 - d) Hvorki gera né láta gera breytingar á smáforritinu eða tengdum hugbúnaði.
 - e) Nota ekki smáforritið til að geyma eða dreifa ólögsmætu, skaðlegu eða meiðandi efni eða efni í eigu þriðja aðila.
 - f) Nota smáforritið ekki til að reyna að verða sér á ólögsmætan hátt úti um aðgang að gögnum eða hugbúnaði annarra, ónýta þau eða skjóta undan.
 - g) Eiga ekki við né trufla virkni þjónustu, API eða vélbúnaðar.
 - h) Nota mælitækið eingöngu í samræmi við leiðbeiningar um notkun þess. Leiðbeiningarnar um notkun á mælitækinu má finna í smáforritinu, á heimasíðu VÍS www.vis.is og í kassanum sem mælitækið kemur í.
 - i) Reyna ekki að fá aðgang að þjónustu, API eða vélbúnaði mælitækisins í þeim tilgangi að búa til sambærilegt tæki til að nota í samkeppni við Ökuvísi eða CMT.
- 5.4 Hafi ofangreindar leiðbeiningar ekki verið virtar eða átt hefur verið við snjalltækið eða mælitækið með þeim hætti að öryggi þess hafi á einhvern hátt verið ógnað, svo sem með uppsetningu á vafasömu forriti er notkun smáforritsins ekki örugg og því óheimil.

Til að auka öryggi mælum við með að þú gætir sérstaklega vel að þeim atriðum sem hér eru nefnd við uppsetningu smáforritsins.

6. Réttindi og skyldur VÍS

- 6.1 VÍS skuldbindur sig til að veita tryggingartaka og/eða öðrum notendum Ökuvísis aðgang að smáforriti og mælitæki sem mælir og fylgist með aksturshegðun á meðan tryggingartaki er í tryggingarleiðinni Ökuvísi.
- 6.2 VÍS skal birta í smáforritinu kort af ferðum ökutækisins, upplýsingar um aksturshegðun, ábendingar um hvernig hægt er að bæta aksturshegðun og hvatningu til að



keyra betur.

- 6.3 VÍS skal tryggja andmælarétt á einfaldan og aðgengilegan hátt í gegnum smáforritið.
- 6.4 VÍS skal tryggja að tryggingartaki og/eða notendur geti fengið útskýringar á aksturs-einkunn á einfaldan og gagnsæjan hátt í smáforritinu.
- 6.5 VÍS skuldbindur sig til að veita skýran rökstuðning fyrir ákvörðun um einkunnir og afslætti og leiðréttu og uppfæra þær ákvarðanir ef tilefni reynist til.
- 6.6 Berist VÍS ekki nauðsynlegar upplýsingar um notkun ökutækis og aksturslag til réttar verðlagningar Ökuvísar hefur VÍS heimild til að miða verð hvers mánaðar við lægstu akstur-einkunn (40) og 500 km akstur. Hafi VÍS ekki borist upplýsingar um ferðir og aksturslag 4 mánuði í röð hefur VÍS heimild til að færa tryggingartaka úr Ökuvísi og yfir í hefðbundnar ökutækjatrýggingar.
- 6.7 VÍS skuldbindur sig til að veita skýran rökstuðning fyrir ákvörðun um beitingu álags eða færslu tryggingartaka úr Ökuvísi í hefðbundnar ökutækjatrýggingar og leiðréttu og uppfæra þær ákvarðanir ef tilefni reynist til.

7. Skyldur og ábyrgð tryggingartaka og annarra notenda

- 7.1 Tryggingartaka og/eða öðrum notendum ber að tryggja að:
 - a) Mælitækið sé parað við smáforritið,
 - b) Mælitækið sé alltaf til staðar og rétt staðsett í ökutækinu,
 - c) Stillingar í smáforritinu og símtæki séu með þeim hætti að hægt sé að afla nauðsynlegra upplýsinga um ferðir og aksturslag, m.a.:
 - i. Fyrir símtæki með IOS stýrikerfi: Staðsetning sett á nákvæm og stillt á leyfa alltaf, kveikt á Bluetooth, heimila aðgang að hreyfingu, og mælt er með að leyfa tilkynningar. Ekki hafa kveikt á rafhlöðu orkusparnaði (low power mode).
 - ii. Fyrir símtæki með Android stýrikerfi: Staðsetning sett á nákvæm og stillt á leyfa alltaf, kveikt á Bluetooth, heimila aðgang að hreyfingu, leyfa að tengjast við og ákvarða fjarlægð á milli nálæggra tækja og mælt er með að leyfa tilkynningar. Ekki hafa kveikt á rafhlöðu orkusparnaði (power safe mode).
 - d) Símtæki sé almennt haft meðferðis.
- 7.2 Framangreint er forsenda þess að hægt er að framkvæma samning um Ökuvísi. Ef framangreindu er ekki fylgt berast VÍS ekki nauðsynlegar upplýsingar um notkun ökutækis og aksturslag til réttar verðlagningar og hefur VÍS þá heimild til að beita þeim úrræðum sem greint er frá í grein 6.6 hér að framan.
- 7.3 Tryggingartaki og/eða aðrir notendur bera ábyrgð á því að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggisþætti sem notaðir eru til auðkenningar inn í smáforritið og snjalltækið.
- 7.4 Tryggingartaki og/eða aðrir notendur bera ábyrgð á því að varðveita allt sem snertir öryggisþætti með trygguðum hætti og því að aðgangsupplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Ekki má undir neinum kringumstæðum deila upplýsingum um persónubundna öryggisþætti, t.d. pin númeri og rafrænum skilríkjum, með öðrum.
- 7.5 Ef tryggingartaki og/eða aðrir notendur hafa ástæðu til að ætla að óviðkomandi hafi komist yfir upplýsingar þeirra ber að láta VÍS vita eins fljótt og hægt er.
- 7.6 Til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga sem eru í smáforritinu mælir VÍS með að virkja læsingar í snjalltækinu og nota og uppfæra snjalltækið í samræmi við öryggisleiðbeiningar frá framleiðanda.
- 7.7 Tryggingartakar og/eða aðrir notendur sem notast við snjalltæki með *Android* stýrikerfi skulu nota pin númer, fingrafara- eða andlitsskanna við innskráningu inn í snjalltækið.
- 7.8 Notkun persónubundinna öryggisþátta jafngildir ávallt undirskrift. Séu persónubundnir öryggisþættir ekki varðveittir í samræmi við framangreint telst það vera stórfellt gáleysi.
- 7.9 Tryggingartaki og aðrir notendur smáforritsins bera fulla og ótakmarkaða ábyrgð á þeim aðgerðum sem þeir framkvæma í smáforritinu.
- 7.10 Ef aðrir einstaklingar nýta ökutækið er tryggingartaka skylt að setja límmiða sem upplýsir um Ökuvísi á áberandi stað í ökutækinu og upplýsa aðra ökumenn sérstaklega um Ökuvísi. Límmiðinn er sendur tryggingartaka á sama tíma og mælitækið.
- 7.11 Með notkun á Ökuvísi fær tryggingartaki og/eða aðrir notendur aðgang að ráðleggingum um hvernig er hægt að bæta aksturinn og einkunn fyrir hversu öruggur aksturinn er. Tryggingartaki og/eða aðrir notendur bera fulla ábyrgð á notkun á smáforritinu og mælitækinu og að akstur og notkun á ökutækinu séu í samræmi við gildandi lög og reglur.
- 7.12 Ef snjalltækið, sem smáforritið hefur verið sótt í, er selt eða öðrum heimiluð umráð þess skal fjarlægja smáforritið áður úr snjalltækinu.
- 7.13 Ef ökutækið er selt á samningstíma tryggingarinnar eða við lok samnings skal fjarlægja mælitæki Ökuvísar úr bílnum og koma í förgun hjá VÍS eða á næsta förgunarstað.

8. Heimildir, fyrirvarar og takmörkun á ábyrgð VÍS

Berist VÍS ekki nauðsynlegar upplýsingar til verðlagningar Ökuvísar hefur VÍS heimild til að grípa til ráðstafana.

Gættu þess að kynna þér vel þær skyldur sem á þér hvíla um meðferð mælitækisins og stillingar í smáforritinu og símtæki þínu.

Ekki deila pin númeri eða rafrænum skilríkjum með öðrum.

Ekki gleyma að fjarlægja mælitæki Ökuvísar úr bílnum ef þú selur hann!



- 8.1 Óheimilt er að breyta smáforritinu eða afrita. VÍS eða þriðji aðili er eigandi höfundarréttar, vörumerkja og annarra óefnislegra réttinda sem tengjast smáforritinu.
- 8.2 VÍS ber ekki ábyrgð á notkun á smáforritinu eða á tjóni sem notkun smáforritsins kann að valda.
- 8.3 VÍS getur ekki ábyrgst samfelldan og órofinn aðgang að smáforritinu. Smáforritið er almennt í boði allan sólarhringinn. Hins vegar er möguleiki á að aðgangur að smáforritinu eða aðgangur smáforritsins að kerfum VÍS eða þjónustuaðila rofni tímabundið vegna uppfærslu, viðhalds, þjónustuhlés, truflunar eða af öðrum svipuðum ástæðum.
- 8.4 VÍS mun eins og kostur er tilkynna um þjónusturof með fyrirvara á heimasíðu sinni. VÍS er þó ekki skylt að tilkynna fyrir fram um truflanir á þjónustu sem er til skamms tíma og er minni háttar eða sem stafar af öryggisbresti eða öðrum óvæntum eða óviðráðanlegum ástæðum.
- 8.5 Ef tryggingartaki og/eða aðrir notendur brjóta gegn skilmálum þessum eða öðrum skilmálum sem hafa verið samþykktir er VÍS heimilt að loka fyrir aðgang að smáforritinu og færa tryggingartaka úr Ökuvísi og yfir í hefðbundnar ökutækjatrýggingar. Hið sama á við ef tryggingartaki og/eða notendur verða uppvis að misnotkun eða tilraun til misnotkunar á upplýsingum sem eru aðgengilegar í smáforritinu eða kerfinu sjálfu. VÍS er heimilt að hafna því að tryggingartaki geti að nýju valið Ökuvísi sem tryggingarleið án rökstuðnings.

9. Tilkynningar, breytingar og gildistaka

- 9.1 VÍS áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum. VÍS getur birt tilkynningar um breytingar á skilmála í almennum tilkynningum í smáforritinu, á heimasíðu VÍS, og/eða í gegnum tölvupóst eða önnur rafræn skilaboð.
- 9.2 VÍS er heimilt að bæta við eða breyta skilmálanum hvenær sem er og taka þær breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir tryggingartaka og/eða notendur. Séu breytingar ekki til hagsbóta fyrir tryggingartaka og/eða notendur taka þær gildi með mánaðar fyrirvara.
- 9.3 Sætti tryggingartaki sig ekki við breytingu á skilmálum þessum getur hann sagt upp tryggingarleiðinni Ökuvísi og fært sig í hefðbundnar ökutækjatrýggingar eða sagt upp viðskiptum sínum við VÍS.
- 9.4 Ef breytingar á notkunarskilmálum þessum varða ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 eða sérlaga, verður þeim aðeins breytt í samræmi við ákvæði þeirra laga. Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður ekki breytt af hálfu tryggingartaka og/eða notenda. Áritanir, útstrikanir, viðbætur og annars konar breytingar sem gerðar eru á þeim hafa ekki gildi gagnvart VÍS.

VÍS er heimilt að breyta skilmálum þessum. Ef breytingar eru ekki til hagsbóta fyrir viðskiptavini taka þær gildi með mánaðar fyrirvara.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.